

Lög

um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (rafræn afgreiðsla o.fl.).

1. gr.

Í stað „3 kg“ í 2. másl. d-liðar 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 10 kg.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- Í stað orðanna „hvern virkan dag“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: hvern mánudag.
- Í stað orðanna „virkan dag“ í 2. mgr. kemur: mánudag.
- Við 2. mgr. bætist nýr másl. svohljóðandi: Þegar helgidag eða almennan frídag ber upp á mánudag skal miða tollafgreiðslugengi við opinbert viðmiðunargengi næsta virka dags á undan.

3. gr.

Tilvísunin „og 25.“ í 1. másl. 1. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

4. mgr. fellur brott.
- Á eftir 5. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðrir en þeir sem um getur í 1. og 3. mgr. skulu veita tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tollyfirvöldum með rafrænum skjalasendingum.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. er öðrum en þeim sem um getur í 1. og 3. mgr. og flytja inn tólf sendingar eða færri á ári heimilt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslur á pappír.

Tollstjóri ákveður form skriflegra aðflutningsskýrslna.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Aðflutningsskýrslur*.

5. gr.

25. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Tilvísunin „og 25.“ í 1. másl. 1. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 29. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 104. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar áfengi er boðið til sölu í tollfrjálsri verslun af aðila sem er í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga eða fyrirtækja í þeirra eigu skal gæta jafnræðis við innkaup á áfengi til endursölu. Við val á áfengri vöru til endursölu skal m.a. taka mið af eftirspurn, framlegð, fjölbreytni í vöruúrvali, sérstöðu friðhafnarverslana og framboði í öðrum friðhafnarverslunum. Ráðherra setur nánari reglur sem miða að því að tryggja jafnræði og gagnsæi við vöruval og innkaup á áfengi í tollfrjálsri verslun. Í reglunum er heimilt að kveða á um gjaldtöku vegna kostnaðar sem leiðir af umsýslu við vöruval. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna skráningar, könnunar og nauðsynlegra ráðstafana af hálfu tollfrjálsrar verslunar við að bjóða áfenga vöru til sölu. Akvarðanir um val á vöru til sölu í tollfrjálsri verslun eru kærnanlegar til ráðherra.

9. gr.

Í stað orðanna „0401.2008 – – Móðurmjólk fyrir hvítvoðunga“ í tollskrá í viðauka I við lögnum kemur: 0401.2008 – – Móðurmjólk fyrir hvítvoðunga.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2020.

Samþykkt á Alþingi 15. júní 2020.